



LÝSING

Á BREYTINGU Á
AÐALSKIPULAGI DJÚPAVOGSHREPPS 2008 - 2020
Lagning ljósleiðara um Djúpavogshrepp





LÝSING

Á BREYTINGU Á
AÐALSKIPULAGI DJÚPAVOGSHREPPS 2008 - 2020
Lagning ljósleiðara um Djúpavogshrepp

12. október 2019

EFNISYFIRLIT


1. Inngangur.....	3
2. Uppbyggingaráform.....	4
3. Skipulagsleg staða og tengsl við aðrar áætlanir	6
3.1 Landsskipulag	6
3.2 Aðalskipulag.....	6
3.3 Tengsl við aðrar áætlanir.....	7
4. Breyting á aðalskipulagi.....	7
4.1 Berufjörður og Hálsar	7
4.2 Hamarsfjörður og Álftafjörður.....	7
5. Grunnástand.....	8
5.1 Staðhættir og landslag.....	8
5.1.1 Berufjörður og Hálsar	8
5.1.2 Hamarsfjörður	8
5.1.2 Álftafjörður	8
5.2 Gróðurfar og jarðminjar	9
5.2.1 Berufjörður og Hálsar	9
5.2.2 Hamarsfjörður	9
5.2.3 Álftafjörður	10
5.3 Nátturuvernd.....	10
5.3.1 Friðlýst svæði.....	10
5.3.2 Aðrar náttúruminjar og hverfisvernd	10
5.3.3 Verndun vistgerða og fugla	11
5.4 Menningarminjar.....	11
5.4.1 Berufjörður og undir Hálsun.....	11
5.4.2 Hamarsfjörður	12
5.4.2 Álftafjörður	12
6 Umhverfisáhrif og Matskylda framkvæmda.....	13
6.1 Umhverfisáhrif.....	13
6.1.1 Helstu leiðir við gerð umhverfismats	13
6.1.2 Yfirlit yfir umfang og efni umhverfismatsins	14
6.1.3 Umhverfispættir og áhrif	14
6.1.4 Viðmið umhverfisáhrifa	14
6.1.5 Aðferð og framsetning.....	14

6.2 Matskylda framkvæmda.....	15
7. Kynning og samráðsaðilar	16

1. INNGANGUR

Verkefnið Ísland ljóstengt hefur staðið yfir frá árinu 2016 og miðar að því að tengja ljósleiðara inn á heimili og fyrirtæki í dreifðari byggðum landsins í samræmi við markmið stjórnvalda á sviði fjarskipta fyrir landið í heild þar sem stefnt er að því að 99,9% lögheimila og fyrirtækja eigi kost á 100 Mb/s þráðbundinni nettengingu í árslok 2020¹, sem hefur verið framlengt til ársloka 2021²

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 segir í meginmarkmiðum³ að stefnt sé „að eflingu fjarskipta í sveitarfélaginu öllu með það að markmiði að íbúar þess njóti sambærilegrar þjónustu við það sem best gerist í landinu“. Þá segir einnig⁴ að „stefnt sé að eflingu fjarskipta í sveitarfélaginu með það að markmiði að allir íbúar þess njóti sömu þjónustu“. Á undanförunum árum hefur verið unnið að undirbúningi að lagningu ljósleiðara um Djúpavogshrepp. Verkefnið sem er samstarfsverkefni sveitarfélagsins og Orkufjarskipta hf. er skammt á veg komið (sbr. mynd 1) en sveitarfélagið hefur sótt um styrk úr lokaúthlutun fjarskiptasjóðs sem fer fram árið 2020⁵ til að ljúka verkefninu.



Kort 1. Áætluð staða verkefnisins Ísland ljóstengt eftir sveitarfélögum í janúar 2019⁶.

¹ Sjá vef Stjórnarráðs Íslands: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/samgongur-og-fjarskipti/fjarskiptasjodur/island-ljostengt/>

² <https://www.ruv.is/frett/island-verdi-ljosleidaravaett-fyrir-arslok-2021>

³ Sjá kafla 1.2.3 Veitur í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020.

⁴ Sjá kafla 5.14.5 Fjarskipti í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020.

⁵ Sbr. frétt RÚV 5. ágúst 2019: <https://www.ruv.is/frett/island-verdi-ljosleidaravaett-fyrir-arslok-2021>


⁶ <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2019/02/18/Uthlutun-ur-Fjarskiptasjodi-vegna-ljosleidaravaedingar/>

2. UPPBYGGINGARÁFORM

Innan sveitarfélagsins gera áætlanir ráð fyrir að ljósleiðari verði lagður í dreifbýli allt frá sveitarfélagamörkum við Breiðdalshrepp í norðri, eftir Berufjarðarströnd að Hamraborg þar sem sjólögn tekur við yfir Berufjörð. Landtak sunnan Berufjarðar verður nokkru utan við Framnes. Frá landtakinu er gert ráð fyrir að ljósleiðarinn liggi inn að tengivirki RARIK í landi Teigarhorns (sjá yfirlitsmynd 1). Í framlögðum gögnum er gert ráð fyrir, að þar sem mögulegt er muni ljóslögn liggja samsíða vatnslögn Djúpavogshrepps um land Teigarhorns. Heildarlengd ljósleiðarans er 16,67 km. Þar af eru 2,2 km innan lands á Teigarhorni og 3,7 km í sjó. Nú þegar hefur lagning ljósleiðara um Berufjarðarströnd farið fram (sbr. rauða línu á yfirlitsmynd 1).

Frá tengivirkinu liggur nú þegar ljósleiðari frá Orkufjarskiptum hf. um Hálsa og yfir í Hamarsfjörð þar sem gert er ráð fyrir að fyrirhugaður ljósleiðari um Hamarsfjörð tengist. Undir Hálsunum við norðanverðan Hamarsfjörð er gert ráð fyrir að fyrirhugaður ljósleiðari tengist núverandi ljósleiðara nokkuð utan við Stekkjarhjáleigu. Þaðan er gert ráð fyrir að hann liggi inn með ströndinni, fyrir fjarðarbotninn og út aftur að sunnanverðu, fyrir Melrakkanes og þaðan yfir í Álftafjörð. Mun lögnin liggja samsíða Hringvegi að norðanverðu, en svo eru frávik frá Hringvegi þó nokkur í fjarðarbotninum og að sunnanverðu. Í Álftafirði fylgir ljósleiðarinn Hringvegi að talsverðum hluta, allt þar til hann sveigir upp Starmýrardal. Þaðan mun hann liggja yfir Lónsheiði að sveitarfélagamörkum við Sveitarfélagið Hornafjörð í suðri (sjá yfirlitsmynd 2). Heildarlengd ljósleiðarans er 34,2 km.

Almennt er gert ráð fyrir að ljósleiðarinn verði plægður niður og í einhverjum tilvikum gæti komið til fleygunar við lagningu hans. Áhersla verður lögð á að lágmarka rask og ummerki vegna framkvæmda.



Yfirlitsmynd 1. Fyrirhuguð lega ljósleiðara um Berufjarðarströnd, yfir Berufjörð og að tengivirki í landi Teigarhorns. (Teikning lagnaleiðar: Mannvit).



Yfirlitsmynd 2. Fyrirhuguð lega ljósleiðara um Hamarsfjörð og Álftafjörð. (Teikning lagnaleiðar: Mannvit).


3. SKIPULAGSLEG STAÐA OG TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

3.1 LANDSSKIPULAG

Í Landsskipulagsstefnu 2015 - 2026 er er lögð áhersla á að skipulagsáætlanir gefi kost á uppbyggingu traustra fjarskipta, en jafnframt að við staðarval og útfærslu fjarskiptamannvirkja sé sérstaklega gætt að því að þau valdi sem minnstu raski og hafi sem minnst sjónræn áhrif⁷.

3.2 AÐALSKIPULAG

Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 - 2020 var staðfest af umhverfisráðherra 24. febrúar 2010. Á aðalskipulagsuppdrætti er lega fyrirhugaðs ljósleiðara sýnd með fjólublárrí brotalínu (sjá kort 2). Fyrirhuguð uppbyggingaráform er snúa að lagningu ljósleiðara víkja nokkuð frá þeirri línu sem sýnd er í gildandi skipulagi og kalla þau því á breytingu þar á.



Kort 2. Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 – 2020. Fyrirhugaður ljósleiðari skv. gildandi skipulagi er sýndur með fjólublárrí línu.

⁷ Sjá kafla 2.7 í greinargerð Landsskipulagsstefnu 2015- 2026.

3.3 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Aðalskipulagsbreyting sú sem hér er til umræðu mun hafa áhrif á drög að verndar- og stjórnunaráætlun fyrir Teigarhorn og gildandi deiliskipulag fyrir fólkvanginn á Teigarhorni. Þá kann breytingin að hafa áhrif á gildandi skógræktarsamning milli Héraðs- og Austurlandskóga og Djúpavogshrepps á Teigarhorni, sem og á skógæktarsamninga á Bragðavöllum, Múla, Starmýri og Þiljuvöllum.

4. BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Fyrirhuguð lega ljósleiðara viku víða frá þeirri legu sem kemur fram í gildandi aðalskipulagi og kallar því á breytingu. Áætlanir um legu ljósleiðara liggja nokkuð skýrt fyrir sbr. yfirlitsmyndir 1 og 2.

Sú breyting á aðalskipulagi sem þessi lýsing nær til, fjallar um legu ljósleiðara um Berufjörð, Hamarsfjörð og Álftafjörð.

4.1 BERUFJÖRÐUR OG HÁLSAR

Ljóst er að á utanverðri Berufjarðarströnd eru frávik frá gildandi aðalskipulagi umtalsverð þar sem gert er ráð fyrir að fyrirhugaður ljósleiðari fari upp Krossdal. Í breytingu á aðalskipulagi verður hins vegar gert ráð fyrir að ljósleiðarinn liggi á láglandi um Streitishvarf. Á kaflanum frá bænum Fossgarði og inn að Fagrahvammi, þar sem ljósleiðarinn fer út í sjó við Hamraborg, fylgir hann nokkuð þeirri leið sem sýnd er í gildandi skipulagi.

Landtak fyrirhugaðs ljósleiðara beggja vegna Berufjarðar er svo aftur breytt frá gildandi skipulagi.

Sunnan Berufjarðar er gert ráð fyrir að fyrirhugaður ljósleiðari liggi frá landtaki skammt austan við bæinn Framnes, inn að tengivirki í landi Teigarhorns, en sú leið er ekki hluti af gildandi skipulagi.

Frá tengivirkinu tekur svo við ljósleiðaralögn yfir Hálsa. Sú lagnaleið er í samræmi við gildandi aðalskipulag en staðsetning hennar gæti mögulega verið uppfærð í aðalskipulagsbreytingu.

4.2 HAMARSFJÖRÐUR OG ÁLFTAFJÖRÐUR

Í gildandi skipulagi er gert ráð fyrir að fyrirhugaður ljósleiðari þveri Hamarsfjörð og landtak sé á Melrakkanesi og þaðan þveri lagnaleiðin Álftafjörð og taki land nærri Krossvík við sunnanverðan fjörðinn. Þaðan liggi hún svo upp Starmýrardal, upp á Lónsheiði að sveitarfélagamörkum í suðri. Þar sem nú er gert ráð fyrir að ljósleiðari verði á landi og fari fyrir báða firðina, kallar það á breytingu á gildandi aðalskipulagi.

5. GRUNNÁSTAND

5.1 STAÐHÆTTIR OG LANDSLAG

5.1.1 Berufjörður og Hálsar

Berufjörður er nyrsti fjörðurinn innan marka Djúpavogshrepps. Berufjörður er um 20 km langur og kallast ytri hluti strandarinnar að norðanverðu Berufjarðarströnd. Á Berufjarðarströndinni rísa fjöll nokkuð bratt frá sjó og er undirlendi þar fremur lítið. Að sunnanverðu gegnt Berufjarðarströnd teygir Búlandsnes sig til hafs en upp til vesturs rísa Hálsar sem skilja að Berufjörð og Hamarsfjörð. Enn vestar, handan Búlandsdals, rís eitt tignarlegasta og formfegursta fjall landsins, Búlandstindur (1069 m.y.s.).

5.1.2 Hamarsfjörður

Ólíkt Berufirði er Hamarsfjörður sjávarlón, en Þvottáreyjar eru í mynni fjarðarins og skilja hann frá úthafinu. Að norðanverðu er láglandi nokkurt við utanverðan fjörðinn en þegar innar kemur rís land hratt. Þar er undirlendi nánast ekkert fyrr en Hamarsdalur opnast til vesturs við fjarðarbotninn. Um Hamarsdal fellur Hamarsá. Út með firðinum að sunnanverðu, út á svokallað Melrakkanes sem skilur að Hamars- og Álftafjörð, er undirlendi lítið.

5.1.2 Álftafjörður

Álftafjörður er syðstur fjarða í Djúpavogshreppi. Fjörðurinn er sjávarlón en Starmýrarfjörur skilja á milli lóns og hafs. Fjörðurinn er víður og umlukinn allháum fjöllum. Að norðanverðu er undirlendi lítið en umtalsvert meira sunnan til, einkum þar sem Starmýrarteigar teygja sig út í fjörðinn. Fjörir dalir ganga inn úr Álftafirði. Syðstur er Starmýrardalur sem gengur í suðvestur upp frá Starmýrarteigum. Frá fjarðarbotninum í vestri gengur svo Flugustaðadalur til vesturs og norðan við hann Hofsdalur. Hofsa fellur um Hofsdal og til sjávar en í hana fellur Suðurá / Flugustaðaá. Norðan við Hofsdal teygir Geithelladalur sig til vesturs. Um hann rennur Geithellaá og fellur í norðanverðan Álftafjörð.



Mynd 1. Djúpavogshreppur - séð úr norðaustri. (Mynd: Google Earth).

5.2 GRÓÐURFAR OG JARÐMINJAR

5.2.1 Berufjörður og Hálsar

Á vistgerðarkorti⁸ Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að á láglandi Berufjarðarstrandar er ræktað land áberandi, en aðrar ríkjandi gróðurvistgerðir eru língresis- og vingulsvist, grasmóa- og starungsmýravist. Tvær fyrrnefndu vistgerðinar hafa hátt verndargildi og sú síðastnefnda mjög hátt verndargildi. Allar vistgerðirnar eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Eftir því sem innar dregur eykst fjölbreytileikinn og mosamóa-, melagambra- og víðimelavist verða algengari. Þá er skógrækt í landi Fagrahvamms, Þiljuvalla og Karlsstaða.

Við utanverðan fjörðinn að sunnanverðu er ræktað land lítið en lítt raskað votlendi (starungsmýravist) meira áberandi, en einnig finnst víða mosmóa- og melgambravist. Þá er língresis- og vingulsvist, grasmóavist og lyngmóavist á láglandi í nokkrum mæli. Sú síðastnefnda hefur miðlungs hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Skógrækt er talsverð í landi Teigarhorns.

Jarðminjar við Berufjörð eru einstakar og má þar fyrst nefna Teigarhorn, sem er einn þekktasti fundarstaður geislasteina í heiminum. Handan fjarðar eru Blábjörg, hluti af sambræddu líparittúfflagi eða flikrubergi, sem kallað hefur verið Berufjarðartúff⁹. Við Berufjörð eru klettar og berggangar áberandi, og mynda víða formfögur belti frá fjallsrótum og í sjó fram.

Þegar land tekur að rísa á Hálsum verður melgambra- og mosamóavist mest áberandi. Starungsmýravist er víða einkum að vestanverðu og lyngmóavist á láglandi er einnig að finna á svæðinu.

5.2.2 Hamarsfjörður

Í Hamarsfirði, sunnan undir Hálsum, tekur við ræktað land og skógrækt. Þegar nær dregur sjó er þar einnig að finna talsvert af starungsmýra-, grasmóa-, mosamóa-, língresis- og vingulsvist. Inn af Hálsum við fjörðinn norðanverðan og að Hamarsá í fjarðarbotninum er grasmóa-, língresis- og vingulsvist algengust, sem og melgambra-, mosamela- og eyðilendisvist. Stöku hrossanálar- og starungsmýravist finnst á svæðinu. Á ósasvæði Hamarsár verður auravist áberandi. Skógræktarsvæði eru rétt sunnan Hamarsár. Sunnan fjarðarins eykst hlutfall melgambra- og hraungambrevistar talsvert og þegar utar dregur verður starungsmýravist býsna algeng, einkum ofan Hringvegar. Þá verður víðimóavist einnig meira áberandi. Þegar komið er út á Melrakknes er hraungambrevist mest áberandi neðan Hringvegar í bland við starungsmýravist. Þar er einnig nokkuð af mosmóa- og grasmóavist.

Undir Hálsum að sunnanverðu eru hraun, strýtur, klettar og berggangar mjög áberandi á láglandi. Það sama á við um láglandi á Melrakknesi.

⁸ Vefur NÍ: <http://vistgerdakort.ni.is/>

⁹ Vefur UST: <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/austurland/blabjorg/>

5.2.3 Álftafjörður

Láglendi í Álftafirði er all vel gróið. Við norðanverðan fjörðinn ofan Þjóðvegur er snarrótar-, bugðupunkt-, mosmóa- og grasmóavist mest áberandi, en neðar vegar ræktað land, víðimela-, mosmóa- og melagambravist í bland við votlendissvæði sem einkennast hvað mest af starungsmýravist. Fyrir botni fjarðarins eru eyrar Geithellaár og Hofsár áberandi auk ræktarlands. Aðrar vistgerðir eru língresis- og vingulsvist, mosmóa- og melgambravist. Þá er starungsmýra- og hrossanálarvist víða einkum sunnan Geithellaár og nærri ósum Hofsár. Við fjörðinn sunnanverðan er ræktað land áberandi á láglendi en auk þess eru starungsmýra- og gulstararfítjavistir útbreiddar á Starmýrarteigum. Aðrar vistgerðir á svæðinu eru helst melgambra- og grasmóavist.

5.3 NÁTTURUVERND

5.3.1 Friðlýst svæði

Eftirfarandi svæði njóta friðunar samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013:

- Við vestari mörk Berufjarðarstrandar eru Blábjörg, sem voru friðlýst sem náttúruvætti árið 2012 og er svæðið 1,49 ha að flatarmáli¹⁰.
- Sunnan Berufjarðar er jörðin Teigarhorn. Hluti jarðarinnar neðan Hringvegur hefur notið friðunar sem náttúruvætti frá árinu 1975 en árið 2013 var öll jörðin friðlýst sem fólkvangur, samtals 2010 ha, auk þess sem hluti lands ofan Hringvegur var friðlýstur sem náttúruvætti¹¹.
- Tjarnir á Innri-Hálsum voru friðlýstar sem búsvæði tjarnarklukku árið 2011 og er flatarmál svæðisins 146 ha¹².

5.3.2 Aðrar náttúruminjar og hverfisvernd

Eftirfarandi svæði falla í flokkinn aðrar náttúruminjar skv. náttúruminjaskrá¹³:

- Blábjörg við Berufjörð (nr. 622) – stærð: 1,02 km².
- Hálsar og Hálsarætur eru á Náttúruminjaskrá (nr. 623) – stærð: 8,94 km².
- Hofsdalur, Tunga, Geithellnadalur og Þrándarjökull (nr. 625) – stærð: 299,42 km².
- Álftafjörður (nr. 652) – stærð: 58,02 km².

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 kemur fram¹⁴ að allt land í eigu Djúpavogshrepps innan svæðis nr. 623 á náttúruminjaskrá, njóti hverfisverndar sem einstök tiltölulega óröskuð landslagsheild nærri þéttbýli. Þá er sérstaklega getið um Hálsþorp en þar er gerð tillaga að hverfisvernd vegna jarðmyndana og má svæðinu ekki raska með nokkrum hætti nema að undangenginni úttekt Umhverfisstofnunar.

¹⁰ Vefur UST: <https://www.ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/austurland/blabjorg/>

¹¹ Vefur UST: <https://www.ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/austurland/teigarhorn/>

¹² Vefur UST: <https://www.ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/austurland/halsar/>

¹³ Vefur UST: <https://www.ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/austurland/>

¹⁴ Sjá kafla 5.10.3 í greinargerð Aðalskipulags Djúpavogshrepps 2008 – 2020.

Í aðalskipulaginu er einnig kveðið á um hverfisvernd vegna fuglalífs milli Eyfreyjunesvíkur og Sandbrekku við Berufjörð. Öll hugsanleg mannvirkjagerð á svæðinu verður að falla vel að landslagi þess og taka tillit til þess fugla- og dýralífs sem þar er¹⁵.

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi fylgja mörk hverfisverndar í Álftafirði mörkum svæðis nr. 652 á náttúruminjaskrá auk þess sem mörk hverfisverndar fylgja mörkum svæðis nr. 625 á náttúruminjaskrá.

5.3.3 Verndun vistgerða og fugla

Verndargildi þeirra vistgerða sem nefndar eru í kafla 4.2 er misjafnt¹⁶ og á lista

Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar eru eftirfarandi vistgerðir:

- Mjög hátt verndargildi: Gulstararfitja- og starungsmýravist.
- Hátt verndargildi: Snarrótar-, bugðupunkts-, grasmóa- og língresis- og vingulsgrasmóavist.
- Miðlungshátt verndargildi: Hrossanála- og lyngmóavist á láglendi.

Strandlengja Berufjarðarstrandar er mikilvægt fuglasvæði, þ.e. fjara og grunnsævi frá Þiljuvallabót og út að Streitshvarfi og flokkað sem alþjóðlega mikilvægur vetrardvalarstaður straumanda¹⁷.

5.4 MENNINGARMINJAR

5.4.1 Berufjörður og undir Hálsun

Fornleifastofan skráði fornleifar á fyrirhuguðum lagnaleiðum í Berufirði sumarið 2018 og vorið 2019¹⁸. Voru skráðar fornleifar á fyrirhugaðri lagnaleið á Berufjarðarströnd frá Núpi að Fagrahvammi og sunnan fjarðar frá landtöku að tengivirki í landi Teigarhorns.

Samtals voru skráðar sex fornleifar. Taldist minja- og varðveislugildi þriggja staða vera talsvert en lítið hjá hinum þremur. Einar minjar eru taldar vera í mikilli hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda, þrjár í talsverðri hættu og tvær í lítilli (sjá töflu 1).

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðveislugildi	Friðlýst?	Mótv.
3:1	Rúst	1	Ljósleiðari	Lítill	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Flöggun
4:1	Rúst	1	Ljósleiðari	Lítill	Ágætt	1550-1900	Talsvert (5)	Talsvert (5)	Nei	Flöggun
5:1	Garður	1	Ljósleiðari	Mikill	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Þversnið
6:1	Rúst	1	Ljósleiðari	Talsverð	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (7)	Talsvert (7)	Nei	Flöggun
7:1	Gerði	1	Ljósleiðari	Talsverð	Ágætt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Flöggun
13:1	Rúst	1	Ljósleiðari	Talsverð	Lélegt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Flöggun
		6					Meðaltal 4,83	Meðaltal 4,83		

Tafla 1. Skráðar fornleifar á lagnaleiðinni frá Berufirði yfir í Hamarsfjörð (tekið úr Fornleifaskráning í Berufirði vegna fyrirhugaðs ljósleiðara).

¹⁵ Ibid

¹⁶ Vefur NÍ: <http://vistgerdakort.ni.is/>

¹⁷ Vefur NÍ: <https://www.ni.is/node/16124>

¹⁸ Fornleifastofan. Fornleifaskráning í Berufirði vegna fyrirhugaðs ljósleiðara. Júní 2019.

5.4.2 Hamarsfjörður

Fornleifastofan skráði fornleifar á fyrirhuguðum lagnaleiðum í Hamarsfirði haustið 2019¹⁹.

Voru skráðar fornleifar á fyrirhugaðri lagnaleið á Berufjarðarströnd frá Núpi að Fagrahvammi og sunnan fjarðar frá landtöku að tengivirki í landi Teigarhorns.

Samtals voru skráðar sjö fornleifar. Taldist minja- og varðveislugildi eins staðar vera talsvert en lítið hjá hinum sex. Tvær minjar eru taldar vera í mikilli hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda, þrjár í talsverðri hættu, einar í lítilli og einar í engri hættu (sjá töflu 2).

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðveislugildi	Friðlyst?	Mót.
26	Garður	1	Linulögn	Talsverð	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Snið
27	Gerði (náttagi)	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Prufuholur og snið
28	Dys	1	Ljósleiðari	Talsverð	Ágætt	-1550	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Já	Rannsókn
29	Þjóðleið	1	Ljósleiðari	Mikil	Lélegt	-1550	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar
30	Púst	1	Ljósleiðari	Talsverð	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Prufuhola, rannsókn
31	Varða	1	Ljósleiðari	Lítill	Ágætt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Rannsókn
32	Gata	1	Ljósleiðari	Mikil	Sæmilegt	1950	Lítið (1)	Lítið (1)	Nei	Engar
Samtals:		7					Meðaltal: 3,29	Meðaltal: 3,29		

Tafla 2. Skráðar fornleifar á lagnaleiðinni um Hamarsfjörð (tekið úr Fornleifaskráning í Hamarsfirði í S-Múlasýslu vegna fyrirhugaðs ljósleiðara).

5.4.2 Álftafjörður

Fornleifastofan skráði fornleifar á fyrirhuguðum lagnaleiðum í Álftafirði vorið 2019²⁰. Voru skráðar fornleifar á fyrirhugaðri lagnaleið um Álftafjörð frá Melrakkanesi í norðri að Þvottá í suðri.

Samtals voru skráðar 17 fornleifar. Töldust tveir minjastaðir hafa hátt minja- og varðveislugildi. Taldist minja- og varðveislugildi sjö staða vera talsvert en lítið hjá hinum átta. Þrjár minjar eru taldar vera í mikilli hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda, níu í talsverðri hættu, þrjár í lítilli og tvær í engri hættu (sjá nánar töflu 3).

¹⁹ Fornleifastofan. Fornleifaskráning í Hamarsfirði í S-Múlasýslu vegna fyrirhugaðs ljósleiðara. Október 2019.

²⁰ Fornleifastofan. Fornleifaskráning í Álftafirði í S-Múlasýslu vegna fyrirhugaðs ljósleiðara. Apríl 2019.

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðveislugildi	Friðly	Mótv.
8:1	Rúst	1	Ljósleiðari	Lítil	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsókn
9:1	Rúst	1	Ljósleiðari	Talsverð	Lélegt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Rannsókn
10:1	Rúst (skáll)	1	Ljósleiðari	Talsverð	Sæmilegt	-1000	Hátt (8)	Hátt (8)	Já	Rannsókn
11:1	Slóði	1	Ljósleiðari	Talsverð	Sæmilegt	1900-	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
12:1	Rúst (fjánhús)	1	Ljósleiðari	Talsverð	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsókn
14:1	Mógrafir	1	Ljósleiðari	Talsverð	Ágætt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Ljós- og mælingar
15:1	Rúst (mókofi)	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Engar
16:1	Rúst	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1900-	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
17:1	Garður	1	Ljósleiðari	Talsverð	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Pversnið
18:1	Rúst (beitarhús)	1	Ljósleiðari	Talsverð	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsókn
19:1	Rúst (beitarhús)	1	Ljósleiðari	Lítil	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsókn
20:1	Garður	1	Ljósleiðari	Mikil	Ágætt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Pversnið
21:1	Rúst	1	Ljósleiðari	Talsverð	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsókn
22:1	St. tengdur þjóðtrú	1	Ljósleiðari	Lítil	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar
23:1	Bæjarhöll	1	Ljósleiðari	Mikil	Sæmilegt	-1550	Hátt (8)	Hátt (8)	Nei	Rannsókn
24:1	Rúst (stekkur)	1	Ljósleiðari	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Rannsókn
25:1	St. tengdur þjóðtrú	1	Ljósleiðari	Talsverð	Ágætt	-1550	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Engar
		17					Meðaltal 4,88	Meðaltal 4,88		

Tafla 3. Skráðar fornleifar á lagnaleiðinni í Álftafirði (tekið úr Fornleifaskráning í Álftafirði í S-Múlasýslu vegna fyrirhugaðs ljósleiðara).

6 UMHVERFISÁHRIF OG MATSKYLDA FRAMKVÆMDA

6.1 UMHVERFISÁHRIF

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 en þar segir í 1. grein: „Markmið þessara laga er að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða.“ Fjallar umhverfismat vegna breytingarinnar um að greina frá áhrifum hennar í samanburði við þá stefnu sem mörkuð er í staðfestu aðalskipulagi sveitarfélagsins. Með mati þessu er reynt að tryggja að ákvarðanatöku um þá þætti sem taldir eru hafa umtalsverð áhrif á umhverfi verði skýr og gagnsæ. Þannig má líta á að í matskýrslu sé að finna röksemdafærslu sveitarstjórnar um ákvarðanir og stefnumótun um veigamestu þætti skipulagsins.

6.1.1 Helstu leiðir við gerð umhverfismats

Sú aðferðafræði sem notuð verður við gerð umhverfismatsins er eftirfarandi:

- Umhverfisvísar eru valdir með hliðsjón af Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020, leiðbeiningum Skipulagsstofnunar og þeim umsögnum sem berast á vinnslustigi.
- Farið verður yfir breytingar og þær metnar með tilliti til umhverfisvísanna.

6.1.2 Yfirlit yfir umfang og efni umhverfismatsins

Í umhverfismatinu verður gerð grein fyrir áhrifum breyttrar legu ljósleiðara um Berufjörð, Hamarsfjörð og Álftafjörð. Áhrif breytinganna eru metin, settar fram mótvægisáðgerðir og áhrif núllkosta metin.

6.1.3 Umhverfispættir og áhrif

Þeir umhverfispættir sem liggja munu til grundvallar umhverfismati vegna breytingar á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 byggja á eftirtöldum umhverfispáttum sem lýst er í 5. kafla:

- Landslag.
- Gróðurfar.
- Náttúruverndarsvæði.
- Menningarminjar.

6.1.4 Viðmið umhverfisáhrifa

Viðmið sem notuð voru við mat á umhverfisáhrifum byggðu á eftirfarandi þáttum:

- Viðmiðum í íslenskum lögum, s.s. skipulagslögum nr. 123/2010, lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 og lögum um menningarminjar nr. 80/2012.
- Viðmiðum í alþjóðlegum skuldbindingum íslenskra stjórnvalda, s.s. í samningi um líffræðilega fjölbreytni, samningi um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heims, samningi um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu, Ramsarsamningi um votlendi - samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi og alþjóðasamþykkt um fuglavernd.
- Stefnu og viðmiðunum sem koma fram í friðlýsingarákvæðum fyrir fólkvanginn á Teigarhorni og í verndar- og stjórnunaráætlun fyrir Teigarhorn sem bíður staðfestingar Umhverfisstofnunar.
- Stefnu og viðmiðunum sem koma fram í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020.
- Greiningu sérfræðinga á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfispætti á framkvæmdasvæði.
- Umsögnum og athugasemdum lögboðinna umsagnaraðila, hagsmunaaðila og almennings, sem liggja fyrir.

Við mat á umhverfisáhrifum verður unnið eftir lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Ennfremur verður stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um umhverfisskýrslu og um flokkun umhverfispátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.

6.1.5 Aðferð og framsetning

Umhverfismat þetta verður unnið á þann hátt að gerðar verða venslatöflur, þar sem fram koma umhverfispættir, möguleg áhrif á þá eru skilgreind og þeim gefin einkunn sbr. eftirfarandi:

+	Aðalskipulagsbreytingin hefur jákvæð áhrif á viðkomandi umhverfispátt
0	Aðalskipulagsbreytingin hefur ekki teljandi áhrif á á viðkomandi umhverfispátt
-	Aðalskipulagsbreytingin hefur neikvæð áhrif á viðkomandi umhverfispátt
?	Aðalskipulagsbreytingin hefur óljós áhrif á viðkomandi umhverfispátt

Til að veða á móti þeim neikvæðu áhrifum, sem fyrirhuguð framkvæmd getur haft á umhverfispætti getur komið til mótvægisáðgerða þar sem því verður við komið. Lagðar eru fram tillögur að mótvægisáðgerðum eftir að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda hafa verið metin.

Í umhverfismati þessu verður breytt lega ljósleiðara í Berufirði, Hamarsfirði og Álftafirði borin saman við núllkost sem er óbreytt stefna miðað við Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 - 2020 sem staðfest var 24. febrúar 2010.

6.2 MATSKYLDA FRAMKVÆMDA

Framkvæmdinni hefur verið skipt upp í þrjá áfanga, þ.e. lagningu strengs um:

- Berufjarðarströnd – frá Núpi að Fagrahvammi; yfir Berufjörð og að tengivirki í landi Teigarhorns – samtals 16,67 km, þar af um 2,2 km í landi Teigarhorns og 3,7 km í sjó.
- Hamarsfjörð – frá Stekkjarhjáleigu og fyrir Melrakknes – samtals 17,3 km.
- Álftafjörð – frá upphafspunkti á sunnanverðu Melrakknesi og inn Starmýrardal í suðri – samtals 16,9 km.

Hver áfangi framkvæmdinnar er tilkynningaskyldur til ákvörðunar um mat á umhverfisáhrifum sbr. lið 10.21 í viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. þar sem þær fela í sér lagningu niðurgrafinna strengja/lagna meira en 10 km utan þéttbýlis auk þess sem lagt er um friðlýstan fólkvang á Teigarhorni og þverar verndarsvæði á náttúruverndarskrá við Hofsá í Álftafirði (sjá nánar kafla 5.3).

Skipulagsstofnun hefur verið tilkynnt um lagningu ljósleiðara um friðlýst land um Teigarhorn, sbr. bréf Mannvits dags. 17. september 2019. Ákvörðun Skipulagsstofnunar hefur enn ekki borist.

7. KYNNING OG SAMRÁÐSAÐILAR

Á fundi 17. október 2019 samþykkti sveitarstjórn að lýsing að breyttri legu ljósleiðara um Berufjörð, Hamarsfjörð og Álftafjörð. Dreifibréf var sent út til íbúa á nærliggjandi jörðum og hagsmunaaðila í sveitarfélaginu, auk þess sem tilkynning var hengd upp á áberandi stöðum innan sveitarfélagsins. Veittur var frestur til ábendinga til og með 31. október 2018 að skila ábendingum við lýsinguna. Á sama fundi samþykkti sveitarstjórn að lýsing yrði send umsagnar stofnana og ráðuneytis:

- Skipulagsstofnunar.
- Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins.
- Hafrannsóknarstofnunar.
- Heilbrigðiseftirlits Austurlands.
- Héraðsskóga/Austurlandsskóga.
- Minjastofnunar.
- Póst- og fjarskiptastofnunar.
- Umhverfisstofnunar.
- Vegagerðarinnar.

Helstu áfangar og tímasetningar skipulagsvinnunnar koma fram í töflu 4:

Tafla 4. Helstu áfangar og tímasetningar skipulagsvinnunnar

Verkpáttur	Dags.
Lýsing kynnt almenningi	okt. 2019
Lýsing send til umsagnar Skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila	nóv. 2019
Kynning á tillögu að aðalskipulagsbreytingu og umhverfisskýrslu	des. 2019/jan. 2020*
Sveitarstjórn samþykkir aðalskipulagsbreytingu og umhverfisskýrslu og óskar eftir heimild til auglýsingar	jan. 2019*
Lögbundinn 6 vikna auglýsingafrestur hefst	feb. 2019*
Lögbundnum 6 vikna auglýsingafresti lýkur	mar./apr. 2019*
Endanleg samþykkt sveitarstjórnar	apr. 2019*
Staðfesting Skipulagsstofnunar	maí 2019*

* Áætluð tímasetning